



Skýrsla formanns
Vestmannaeyjardeildar
árið 2018-2019

Aðalfundur Vestmannaeyjardeildarinnar var haldinn 13. nóvember 2019 í sal kvenfélagsins Líkn við Heiðarveg. Fundurinn var vel sóttur og mættu 26 sjúkraliðar fundinn. Fundastjóri var Vilborg Stefánsdóttir og ritari Dagmar Skúladóttir. Boðið var upp á veitingar frá Einsa kalda.



Ragnheiður Lind, Dagmar, Áslaug Steinunn, Andrea og Fjóla Sif

Stjórn Vestmannaeyjardeildar 2019-2020

Áslaug Steinunn Kjartansdóttir formaður
Andrea Guðjóns Jónsdóttir varaformaður
Ragnheiður Lind Geirsdóttir gjaldkeri
Dagmar Skúladóttir ritari
Fjóla Sif Ríkhardsdóttir meðstjórnandi.

Uppstillingarnefnd:

Sonja Ruiz Martiniz
Berglind Sigvardsdóttir

Skoðunarmenn Reikninga:

Sigríður Gísladóttir
Erna Þórsdóttir

Trúnaðarmenn:

Anna Guðný Laxdal Magnúsdóttir, HSU
Alfa Markan Elfarsdóttir, vara HSU
Ingibjörg Þórhallsdóttir, Hraunbúðir
Sigurleif Guðfinnsdóttir, vara Hraunbúðir

Fræðslunefnd:

Erna Þórsdóttir
Kristín Sjöfn Ómarsdóttir

Kjaramálanefnd:

Hjördís Kristinsdóttir Hafdís Sigurðardóttir

**Jólaskemmtinefnd:**

Ragnheiður Lind Geirsdóttir
Anna Guðný Laxdal Magnúsdóttir

Ferðanefnd:

Sigríður Jóhanna Sigurbjörnsdóttir
Sara Rún Markúsdóttir
Berglind Sigvardsdóttir

Gestur á aðalfundi var Tryggvi Hjaltason

Tryggvi hefur verið með námskeið sem nefnist ofurheilsa - Life hacking. Hvað get ég átt mörg góð ár? Tryggvi sagði okkur frá aðdraganda þessa námskeiðs og hans lífssýn. Tryggvi er að fara að fasta í 10 daga undir eftirliti hjá læknum og hjúkrunarfræðingum og má til gamans geta að faðir hans, systir og móðir eru öll heilbrigðisstarfsmenn. Hann verður í reglulegu eftirliti hjá þeim, ásamt fleiri heilbrigðisstarfsmönnum. Hann er sannfærður um að fasta hefur góð áhrif á líkamann.

Á Evrópuþaginn buðu sjúkraliðar á Hraunbúðum samstarfsfólki sínu og skjólstaðingum til kaffisamsætis í tilefni dagsins, og var almenn ánægja með það.

Fundur var haldinn 6. mars í fundarsal á HSU. Formaður sagði frá því helsta sem er verið að vinna að hjá félaginu. Stjórn deildarinnar bauð upp á ýmsa smárétti.

Á fundi 28. maí var boðið upp á pizzuveislu á Hraunbúðum. Formaður fór yfir það helsta sem rætt var á síðasta félagsstjórnarfundum. Geir Jón Þórisson kom til okkar til að segja frá starfssemi Rauða krossins, en Rauði krossinn gegnir eins og við vitum góðu og mikilvægu hlutverki í okkar samfélagi.

Fundur var haldinn 16. október, þar var boðið upp á dýrindissúpu frá Einsa Kalda og Ólöf Aðalheiður eða Óla Heiða eins og við þekkjum hana sagði okkur frá Janusar verkefninu, sem hún kemur að hér í Eyjum. Þetta verkefni stuðlar að því að efla eldri borgara til hreyfingar og bættra lífshátta. Fylgst er vel með þátttakendum og eru gerðar miklar heilsufarsmælingar reglulega. Mikil ánægja er meðal þeirra sem eru í þessu verkefni, en það eru um 100 einstaklingar hér í Eyjum. Hafa margir fundið miklar breytingar á sér líkamlega og andlega eftir að þeir fóru að taka þátt í þessu verkefni.

Formaður hefur farið á þessa reglubundnu fundi hjá félaginu í Reykjavík, en komst ekki á einn. Eining skellti formaðurinn sér á Góugleði hjá Reykjavíkurdældinni sem var virkilega skemmtilegt.



Deildin okkar var með í vorferð ásamt þremur öðrum deildum Reykjavíkur, Suðurlands og Suðurnesjadeildinni. Farið var inn í Þórsmörk, það fóru fjórir frá okkar deild. Við hittum hinar deildarnar á Hvolsvelli og svo lá leiðin inn í Þórsmörk. Það var blíðskaparveður inn í Þórsmörk, byrjað var að fara inn í Húsadal og þar var súpa og brauð á boðstólum. Hluti af hópnum fór með rútnum, þar sem önnur rútan festist í Krossá og tók það smá tíma að ná henni upp, einhverjir gengu inn í Langadal og þaðan inn í Bása, þetta er virkilega skemmtileg gönguleið. Í Básum var tekinn upp gítar og sungið, þaðan lá svo leiðin á Hvolsvöll þar sem borðaður var kvöldverður. Við náðum næst síðustu ferð heim eftir viðburðaríkan og skemmtilegan dag .



Snæbjört Ýr, Ágústa, Áslaug, Guðrún og Donna



Sjúkraliðar í Eyjum lögðu undir sig fót um miðjan maí, fóru og sóttu heim líknadeildina í Kópavogi og kynntu sér starfsemina þar. Síðan lá leiðin til Edinborgar þar sem við heimsóttum St. Columbas Hospice glæsileg og vel hönnuð líknardeild á tveimur hæðum, þetta er gamalt hús sem byggt var við á skemmtilegan hátt. Á þessari deild voru 30 vel búin herbergi þar sem hægt var að keyra rúmum út á góðar svalir eða veröð. Öll aðstaða á deildinni var til fyrirmyndar og mjög vel hugsað út í öll smáatriði og hvert rými var vel nýtt. Allar þvagflöskur, nýrnabakkar og bekken voru einnota og gerð úr endurgerðum pappa sem leysist upp.



Dr Erna Haraldsdóttir Director of Education and Research



Í október fór stór hópur sjúkraliða og aðrir starfsmenn Hraunbúða til Edinborgar og skoðuðum við þar fjórar dagdeildir, Erick Lidder Center, NEDC, Cairing in Craigmillar og Strachan house.

Hópurinn var það stór að við þurftum að skipta okkur niður á þessa staði, þessar dagdeildir voru mjög ólíkar eins og þær voru margar. Alveg frá því að vera einkareknar, þar sem það var ekki alveg gefins að vera, yfir í að vera ríkisreknar og þá var lúxusinn ekki eins mikill. Erick Lidder Center var í gamalli kirkju sem var búið að byggja inn í hús fyrir ýmsa starfssemi og þar á meðal var þessi dagdeild. Starfemin og umgjörðin kom mér skemmtilega á óvart. Sú sem tók á móti okkur fór yfir starfseminna og svo bauð hún okkur að taka þátt með þeirra skjólstæðingum sem var virkilega skemmtilegt. Þar var á einu borði verið að skoða landakort og ræða um þá staði sem þar voru og sögu þeirra. Á öðru borði var verið að ræða kvikmyndir og leikara, á þriðja borðinu var verið að spila skrabb. Við skoðuðum herbergi sem var skemmtilega uppsett til að slaka á í með öllu tilheyrandi til þess, svo enduðum við heimsókina í leikfimi með fólkinu með miklum hlátrarsköllum. Erick Ledder, sem var einn af stofnendum og stuðningsaðili þessarar dagdeildar var Gull ólypiuhafi í hlaupi sem fór fram í París 1924.



Myndataka á dagdeildinni var með samþykki allra

Það er áberandi á öllum þessum stöðum sem eru ríkisreknir hvað það er mikið af sjálfbóðaliðum, sjálfbóðaliðarnir koma í raun úr öllum áttum eru t.d námsmenn og öryrkjar.

1. apríl komu Sandra Formaður og Gunnar frá Sjúkraliðafélaginu og héldu fund með okkur um komandi kjarasamninga og hverjar væru helstu áherslur. Á þessum fundi voru þau að kanna einnig hvað sjúkraliðar vilja sjá í kjaraviðræðum og hvað þeim þykir mikilvægast að lagt sé áherslu á.

Formaður og trúnaðarmenn hittust og funduðu um starfssemi og hvað hafi komið inn á borð hjá þeim á síðasta starfsári.



Vil ég þakka trúnaðarmönnum okkar fyrir vel unnin stöf í okkar þágu, það er ekki sjálfgefið að vera með vel virka og góða trúnaðarmenn.

Fjórir sjúkraliðar útskrifuðust í desember 2018 þær Ingibjörg Ósk, Harpa Steinars, Sara Rún og Jónína. Einn sjúkraliði útskrifaðist í maí 2019, Kristjana Jóns. Við óskum þeim öllum til hamingju og erum ánægðar að fá þessar flottu konur í okkar raðir.

Harpa Steinarsdóttir Oberman, Ingibjörg Ósk Þórðardóttir,

Kristjana Jónsdóttir



Jónína Margrét Kristjánsdóttir og Sara Rún Markúsdóttir.

Núna eru 16 nemar sem eru að hefja nám á sjúkraliðabraut í Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum.

Í Vestmannaeyjadeildinni eru um 65 sjúkraliðar, en starfandi sjúkraliðar í Eyjum eru 43. 6 starfa á heilsugæslu, 20 á sjúkradeild, 16 á Hraunbúðum 2 í dagvistun, 1 í heimaþjónustu og 1 í ÍBV íþróttafélag.

Formaður Vestmannaeyjardeildar
Áslaug Steinunn Kjartansdóttir

